

snertir Norðurmúlasýslu, á árinu 1873, og skýrslur um verðlag á vörum á sama ári, mælumst vör til, að þér leiðið athygli teðs embættismanns að því, að senda skuli yður beina leið þesskonar skýrslur samkvæmt 13. gr. í erindisbræfi fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872.

1874.

4. júlí.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsaleigastyrk handa amtmanninn í norður- og austurumdæminu.

6. júlí.

Eftir að hingað hefir borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maím. þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 4. þ. m. allramildilegast að veita amtmanni yfir norður- og austurumdæmi Íslands, Kristjáni Christjánssyni 200 rd. húsaleigustyrk á yfirstandanda reikningsári.

Þetta gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið ráðstafanir til, að fè þetta verði goldið amtmanninum.

54. Auglýsing um að stofnað skuli stjórnarráð fyrir Ísland og hvernig skipta skuli niður störfum þeim, sem hin íslenzka stjórnardeild, er hingað til hefir verið, hefir haft á hendi.¹⁾

14. júlí.

Með allrahæstum úrskurði, dagsettum í dag, hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast at skipa svo fyrir:

1) að stofna skuli frá 1. ágúst þ. á. sèrstakt stjórnarráð

¹⁾ Þessi auglýsing er prentuð á Íslenzku og Dönsku í »Stjórnartíðindunum fyrir Ísland, 1874, A., Nr. 1.«